

KJÖRVAL

30% afsláttur

1.249 KR. KG.
Rea léttreiktur lambahryggur

30% afsláttur

489 KR. KG.
Móa kjúklingur ferskur

249 KR. STÍL.
Freschetta pizzur 3 teg. 300g

32% afsláttur

398 KR. PKL.
Matfugl kjúklingamánar

298 KR. PKL.
Gríms fiskréttir 3 teg. 400g

299 KR. PKL.
Special R morgunkorn

169 KR. STH.
Nestlé barnaís 2 teg.

169 KR. STH.
Stjörnu hrásalat 350g

199 KR. PKL.
Ömmu kleinur 12 stk. SAKSÍÐUR

499 KR. STH.
Nóa kropp fata 500g

299 KR. PKL.
Shop Rite eldhúsrúllur

399 KR. PKL.
Super puottaefni 3 kíló

149 KR. STH.
Gunnars sítrónu majónes 250g

169 KR. STH.
Godá medisterpylsa

99 KR. STÍL.
Coke Light 2 lítrar

2 FYRIR 1

299 KR. PKL.
Gríms fiskréttir 3 teg.

169 KR. STH.
Nestlé barnaís 2 teg.

169 KR. STH.
Stjörnu hrásalat 350g

199 KR. PKL.
Ömmu kleinur 12 stk. SAKSÍÐUR

499 KR. STH.
Nóa kropp fata 500g

99 KR. STÍL.
Coke Light 2 lítrar

- ÞÍN TILBOÐ -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SIMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Óli á Læk

verður 80 ára
2. nóvember n.k.

Hann verður heima á Læk á
afmælisdaginn og tekur
þar á móti gestum á milli
kl. 17.00-21.00

Sýsluskrifstofan í Vík.

Vegna árshátíðar starfsmanna
verður skrifstofan

lokuð föstudaginn
2. nóvember frá kl:12.00

Kveðja

Anna Birna Þráinsdóttir
Sýslumaður.



Bryndís Hekla, fædd 16. ágúst 2007 og Katrín Birna, fædd 8. desember 2002. Foreldrar, Unna Björg Ögmundsdóttir frá Vík og Sigurður Fannar Sigurjónsson, búsett á Selfossi.

Félag Eldri Borgara í Skaftárhrepp

boðar til samverustundar á hótél
Kirkjubæjarklaustri
mánudaginn 5. nóvember kl. 13:30

Stjórnin

SMÁAUGLÝSINGAR

Spilakvöld

Spilakvöld verða haldin í Kirkjubæjarskóla fimmtudagskvöldin þann fyrsta, áttunda og fimmtánda nóvember.

Þau byrja öll klukkan 20:00. Spiluð verður félagsvist og veitt verða karla-, kvenna- og setuverðlaun öll kvöldin og lokaverðlaun síðasta kvöldið fyrir flestu heildarstigin.

Það kostar 250 kr að spila með og stjórn nemendafélagsins hefur til sölu veitingar þegar spila-kortið er hálfnað. Allur ágóði rennur til nemendafélagsins.



*Hvetjum sem flesta til að mæta!
Nemendafélagið Askur*



Aðalfundir Sjálfstæðisfélaganna og fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Vestur- Skaftafellssýslu

verða haldnir í Leikskálum í Vík,
laugardaginn 3. nóvember nk. kl. 20:30

Á dagskránni verða venjuleg aðalfundarstörf
aук kjörs fulltrúa í kjördæmisráð

Nýir sem eldri félagar velkomnir.

Að aðalfundinum loknum,
um kl. 22:00 eru óflokksbundnir stuðningsmenn boðnir velkomnir.

Léttar veitingar.

Stjórnirnar

Kirkjubæjarstofa- Fræðasetur á sviði náttúru, sögu og menningar

Tíu ára afmælisráðstefna, 9.- 10. nóv. 2007

Kirkjubæjarstofa á Kirkjubæjarklaustri stendur fyrir ráðstefnu 9. - 10. nóv. 2007, í tilefni af tíu ára starfsafmæli sínu. Ráðstefnan verður haldin á Hótel Klaustri og hefst hún kl. 15.00 föstudaginn 9. nóv. Margir fyrirlesarar koma fram á ráðstefnunni og er dagskránni skipt í þrjá hluta:

Á föstudeginum verður fjallað um stofnun og sögu Kirkjubæjarstofu og kynnt nokkur af þeim fjölmörgu verkefnum sem stofan hefur komið að. Fyrir hádegi á laugardeginum 10. nóv. verður fjallað um mikilvægar rannsóknir á starfssvæði Kirkjubæjarstofu og það sem helst er á döfinni í þeim efnun.

Eftir hádegi á laugardag verða síðan umræður um hlutverk og starfsemi Kirkjubæjarstofu á næstu áratugum. Reiknað er með líflegri þátttöku ráðstefnugesta í umræðunum, en sérfræðingar á ýmsum sviðum munu svara fyrirspurnum og leggja orð í belg eftir því sem ástæða er til. Hátíðakvöldverður verður á föstudagskvöldið. Ráðstefnuslit verða um kl. 15:00 á laugardeginum. Nánari upplýsingar á www.kbkl.is

Á aðalfundi Sýslumannafélags Íslands, sem haldinn var í Ólafsvík í liðnum mánuði, var Anna Birna Þráinsdóttir, sýslumaður í Vík í Mýrdal, kjörin formaður stjórnar félagsins. Þetta er í fyrsta sinn í sögu félagsins sem kona er kjörin formaður stjórnar, þótt konur hafi nokkur undanfarin ár átt þar sæti sem meðstjórnendur

Morgunblaðið greinir frá mánudaginn 29. okt.

VITINN óskar Önnu Birnu heilla í starfi.

Um leið og við þökkum viðtökur Mýrdælinga og nærsveitarfólks

á veitingahúsi Hótel Lunda viljum við benda á að við lokum hóteli og veitingahúsi Lundans **sunnudaginn 4 nóvember** og opnum með hækkandi sól á næsta ári

Guðmundur og Jóhanna



Á nokkur mynd

af gömlu Hólsárbrúnni sem byggð var 1907 og fór af í Kötlugosinu 1918.
Ef svo er vinsaml. hafið þá samband
4871299 Eyþór



Myndin tekin af Jónasi Erl. í síðustu viku, en þá var farið í klakveiði í Vatnsá í Mýrdalnum, mikill fiskur var í ánni, sem dæmi var talið að í Frúarhylnum einum hafi verið ca. 300 laxar. Á laugardeginum var reynt að veiða með rafmagni og gekk það illa vegna vatnavaxta í ánni. En á sunnudeginum var net dregið fram og það látið reka í einn hylinn, netið fylltist strax og úr því komu 49 laxar. Teknar voru tæpar 60 hrygnur og eitthvað minna af hængum til að nota í klak.

Guðspjónusta í Víkurkirkju

Guðspjónusta verður í Víkurkirkju, á Allra heilagra messu, nk. sunnudag, 4. nóvember 2007, kl 14:00.

Kórar Víkur- og Skeiðflatarkirkna syngja. Organisti og stjórnandi er Kitty Kóvacs. Undirleik á fiðlu annast Balász Stankowsky.

Fermingarbörn og foreldrar þeirra sérstaklega hvött til að mæta.

Sóknarprestur

Kirkjuskólinn í Mýrdal

Minni á Kirkjuskólann í Mýrdal næsta laugardag, **3. nóvember kl. 11:15** í Víkurskóla.

Hlakka til að hitta ykkur.

Sóknarprestur

Aðventusamkoma – breyting á dagskrá.

Áður auglýstri aðventusamkomu Mýrdælinga sem vera átti í Leikskálum í Vík sunnudaginn 2. desember 2007, er frestað af óviðráðanlegum ástæðum til miðvikudagskvöldsins 5. desember nk. kl. 20:00.

Breytið þessu í dagskránni sem búið var að senda til ykkar.

Samkoman verður nánar auglýst síðar.

Sóknarprestur

Fundargerð Skaftárhrepps

Fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps mánudaginn 18. júní 2007 í ráðhúsi Skaftárhrepps.

282. fundur sveitarstjórnar, 8. fundur Fundargerð tölvuskráð af Bjarna Danielssyni sveitarstjóra.

Mættir eru: Jóna Sigurbjartsdóttir oddviti, Alexander Alexandersson varaoddviti, Elín Heiða Valsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Sverrir Gíslason og Gísli Kjartansson, varamaður, sem mun taka sæti Alexanders að þessum fundi loknum. Oddviti býður fundarmenn velkomna og óskar nýjum sveitarstjóra velfarnaðar í starfi.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá: Tekið verði fyrir erindi sem borist hefur í dag frá Búnaðarfélagi Hörgslandshrepps í lið I, málefni til umfjöllunar og afgreiðslu, tölulið 34.

Þetta samþykkt, og gengið til áður boðaðrar dagskrár.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Eldhraunsvatnamál: Erlendur Björns-son kynnir afstöðu sína. Telur hann að gera þurfi tafarlaust ráðstafanir til að tryggja nauðsynlegt vatnsmagn í lindum og lækjum í Landbroti og Meðallandi. Oddviti þakkar Erlendi fyrir kynninguna.

2. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs skv. 14. grein sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Alexander tilkynnir um afsögn sína sem varaoddvita vegna brottflutnings og tekur hún gildi á morgun. Þakkar hann gott samstarf. Oddviti þakkar Alexander fyrir vel unnin störf í sveitarstjórn og fyrir ánægjulegt samstarf. Aðrir fundarmenn taka undir þakki og

góðar óskir. Tillaga kemur fram um endurkjör Jónu sem oddvita og kjör Elínar Heiðu sem varaoddvita. Tillagan er einróma samþykkt.

3. Yfirdráttarheimild Skaftárhrepps hjá Kaupþingi. Sveitarstjórn heimilar oddvita og sveitarstjóra að óska eftir tímabundinni yfirdráttarheimild að upphæð allt að 10 mkr hjá Kaupþingi banka.

4. Skipun formanns fjallskilaneftndar Austur Síðuafreittar í stað Davíðs Péturssonar, sem hættir störfum 1. júlí 2007 vegna brottflutnings. Sveitarstjórn skipar Ólaf Oddsson formann fjallskilaneftndar frá 1. júlí 2007.

5. Tölvubréf frá VGK-Hönnun / Oddi Bjarna Thorarensen 14. júní 2007: Skemmdir á gólfum í nýju sundlaugarbyggingunni. Sveitarstjórn felur formanni byggingarneftndar sundlaugarinnar og sveitarstjóra að finna lausn á málinu.

6. Sundlaugarbygging: Hugsanleg sumaropnun með sturtu- og búningsaðstöðu til bráðabirgða. Sveitarstjórn telur ekki rétt að opna sundlaugina í sumar með bráðabirgðaaðgerðum og tilheyrandi aukakostnaði. Hún beinir þess í stað þeim tilmælum til byggingarneftndar sundlaugarinnar að vinna við framkvæmdir verði hraðað eftir föngum með það fyrir augum að hægt verði að taka sundlaugina í notkun sem fyrst. Ekki er hægt að tíma-setja opnun laugarinnar fyrr en tekin hefur verið ákvörðun um viðgerðir á gólfi sbr. síðasta tölulið.

7. Sumarlokun sörporkustöðvarinnar og meðferð sorps á lokunartímanum. Nauðsynlegt er að loka sörporkustöðinni um sinn vegna sumarleyfa þar sem ekki hefur fengist viðbótarstarfskraftur. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að auglýsa flokkun sorps og notkun gámanna á gámavelli. Sveitarstjórn ítrekar að sörp-

ÞRASI ÞÓRÓLFSSON OG LOÐMUNDUR

Þrasi bjó í Eyrstriskógum, sumir segja á Prasastöðum, skammt austur frá Skógafossi; Skógar eru nú austastur bær í Rangárvallasýslu. Þá bjó Loðmundur í Sólheimum, næsta bæ fyrir austan Sólheimasand, og voru þeir því nágrannar. Þeir Þrasi og Loðmundur voru báðir fjölkunnugir mjög.

Á sú féll milli landa þeirra er Fúlilækur hét, en síðan Jökulsá á Sólheimasandi. Þessari á veittu þeir hver á annars land sem Landnáma segir; því hvorugur vildi hafa hana nærri sér. Af þessum veitingum og vatnagangi varð sandur graslaus sem Sólheimasandur heitir og sér þar enn marga farvegi sem áin hefur runnið um í það og það skiptið.

Loksins sáu þeir nágrannarnir landauðn þá sem af þessu varð. Svo hagar til að austan megin Jökulsár gengur háls einn í Sólheimaheiði frá fjallinu fram með ánni og heitir hann Loðmundarsæti; en vestan megin árinna þar á móts við í neðanverðu Skógafjalli er kallaður Þrasaháls. Fellur svo áin úr gljúfrum milli þessara hálsa fram á sandinn.

Á þessum stöðvum segja menn að þeir Þrasi og Loðmundur hafi hafst við meðan þeir veittust vötnum á enda segir bæði Landnáma og munnmælin að þeir hafi sætst þar við gljúfrin á það að áin skyldi þaðan í frá renna þar um sandinn sem stytst væri til sjávar, og það varð.

En svo þykir sem allajafna sé öfugstrey- mi í á þessari og falli önnur bára að neðan, andstreymis, þegar hin fellur að ofan, forstreymis, og segir sagan að sú ónáttúra árinna sé komin af viðureign þeirra Þrasa og Loðmundar.

Frá því hefur enn verið sagt um Þrasa að hann hafi komið kistu sinni fullri af gulli

og gersemum undir Skógafoss og að fyrr meir hafi sést á annan kistugaflinn út undan fossinum.

Vísu kunna menn enn sem einhvern tíma hefur verið kveðin um þetta og er hún þannig:

"Þrasakista auðug er undir fossi Skóga, hver sem þangað fyrstur fer finnur auðlegð nóga."

Svo er sagt að einhverju sinni hafi verið þrír menn í Skógum og hafi þeir verið synir Ámunda Þormóðssonar lögrét- tumanns (1639-1671 eða lengur). Þeir ætluðu að ná Þrasakistu undan fossinum. Varð þeim þá litið heim til bæjarins og sýndist þeim hann standa í björtu báli og sneru við það heim; en þar var reyndar enginn voði á ferðum.

Seinna fóru þeir aftur og ætluðu að ná kistunni og létu engar missýningar tæla sig. Komust þeir þá svo langt að þeir gátu krækt í hring sem var í kistugaflinum sem á sást. En þegar þeir ætluðu að draga að sér kistuna kipptist hringurinn úr gaflinum og höfðu þeir svo ekki meira af kistunni. Sagt er að sá hringur sé nú í kirkjuhurðinni í Skógum.

(Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar - Textasafn Orðabókar Háskóla Íslands)

Léttur í spori laus við rugl
lífi ég sæll án meina,
líkt og þegar flýgur fugl
frjáls á milli greina.

Höfundur: Einar Árnason frá Finnstöðum í Kinn,
síðar Akureyri f.1878 - d.1968

Nágrannavörslu

4. Bréf frá Landsneti dags 6. júní 2007 ásamt bæklingi: Háspennulínur - aðgát skal höfð

5. Aðalfundarboð: Aðalfundur Rangár-
bakka, hestamiðstöðvar Suðurlands ehf, fyrir rekstrarárin 2005 og 2006 haldinn 31. maí 2007

6. Bréf frá Fjarðabyggð og Jafnréttis-
stofu dags 15. maí 2007: Landsfundur
jafnréttisnefnda sveitarfélaga 2007 4.- 5.
júní 2007

7. Afrit af bréf frá Umhverfisráðuneyti-
nu til Elínar Heiðu Valsdóttur dags 15.
maí 2007: Tilkynning um skipun í svæðis-
ráð rekstrarsvæðis 4 í væntanlegum
Vatnajökulspjóðgarði sbr lög nr 60/2007

8. Bréf frá Félagsmálaráðuneytinu dags
4. maí 2007: Framlög til jöfnunar á tekju-
tapi vegna lækunar tekna af
fasteignaskatti 2007

VI Samþykkt fundargerðar / Fundi slitid
Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð.
Fundu slitid kl 23:15.

Þetta er síðasti fundur sveitarstjórnar fyrir
sumarleyfi. Næsti fundur er áætlaður 13. ágúst.
Jóna Sigurbjartsdóttir, oddviti Alexander
Alexandersson, varaoddviti Elín Heiða
Valsdóttir Jóhannes Gissurason Sverrir
Gíslason.

Ummerki Suðurlandsskjálftanna árið 2000:

Ofantil í Villingaholtshreppi má sjá ýmis
ummerki eftir hinn mikla jarðskjálfta sem hér
varð 21. júní 2000 og átti upptök í Hestfjalli.
Miklar sprungur sjást enn á svæðinu frá Bitru
suður fyrir Dælarétt. Rétt er að ganga varlega
um þessar slóðir, því enn geta sprungur leynst
undir jarðvegi. Rétt neðan við bæinn
Urriðafoss blasir enn við sár í brekkunni þar
sem jörðin kastaði af sér jarðveginum í stóran
skriðubing.

Tveimur árum eftir skjálftann, sumarið
2002, munaði litlu að slys yrði þegar jörðin gaf

sig undan dráttarvél bóndans á Mjósýndi. Þá
brast þekja á stórum neðanjarðarhelli undir
túninu og sér nú ofan í hylðypisvatn í því jarð-
falli. Ef menn hafa áhuga á skoða þetta er rétt
að gæta fyllstu varúðar og fá leyfi hjá bónd-
anum.

Mikið eignatjón varð í jarðskjálftanum, en
hann var um 6,5 richterstig að styrkleika.
Íbúðarhús eyðilögðust á bæjunum
Villingaholti, Egilsstöðum II, Kolsholti II,
Hróarsholti, Neistastöðum og Skúflæk, og
víðar fóru önnur mannvirki illa. Engin slys
urðu á fólki, sem þó má heppni teljast.

Jarðskjálftarnir 1784:

Ekki sluppu allir jafn vel frá
Suðurlandsskjálftunum miklu árið 1784 eins
og árið 2000. Þá bjuggu menn enn við hörm-
ungar móðuharðindanna vegna Skaftárellda
árið áður, og hungur og harðræði var almennt
í landinu. Í jarðskjálftunum féllu 92 bæir á
Suðurlandi og 3 menn fórust. M.a. hrundi
kirkjan í Villingaholti til grunna og bæjarhús
stórskemmdust, eins og lýst er hér að ofan í
kaflanum um Villingaholt. Í Skálholti féllu
flestar bæjarhús.

Í kjölfarið ríkti neyðarástand og til að bæta
gráu ofan á svart gerði mikla ótíð og kaup-
skipið fórst sem koma átti með matvæli til
Eyrarbakka kaupstaðar. Mannfellir varð mikill
og óöld ríkti. Um síðir rétti þó þjóðin úr kút-
num eins og endranær, en í góðari nútímans
er öllum hollt að rifja upp þessa sögu.

Suðurlandsskjálftar hafa löngum verið
mannskæðir og valdið miklum búisfjum. Árið
1164 létust níttján manns, 1182 dóu tveir, 1211
átján, 1734 níu, og 1896 fórust fjórir og 161
bær féll til grunna.

TEKIÐ AF VERALDAR- VEFNUM:

Fróðleikur, staðir, sögur

urðunarsvæðið á Stjórnarsandi er lokað
svæði og varðar sektum að fara þangað
með sorp án heimildar umsjónarmanns.
Sorphirða í Skaftárhreppi verður óbreytt.

8. Daggjöld á afréttum 2007. Sveitarstjórn
ákveður að daggjöld á afréttum skuli vera
óbreytt frá síðasta ári að viðbætti vísitölu-
breytingu til og með júlí 2007. Framlög til
fjallskiladeilda verða óbreytt með
vísitöluhækkun.

9. Bréf frá Herði Davíðssyni, Efri Vík
dags. 12. júní 2007: Tillaga um að
sveitarstjórn Skaftárhrepps leiti eftir
kauprétti á húsakynnum Sláturfélags
Suðurlands á Kirkjubæjarklaustri með það
markmið að bjóða frumkvöðlum og/eða
fyrirtækjum starfsaðstöðu í húsinu. Ekki
eru að svo stöddu uppi áform um að
sveitarstjórn hafi frumkvæði að kaupum og
enduruppbyggingu húsa Sláturfélagsins, en
bréfrítara er þakkað fyrir tillöguna og mun
hún verða höfð til hliðsjónar ef til kemur.

10. Bréf frá Póst- og fjarskiptastofnun /
Fjarskiptasjóði dags 11. júní 2007: Ósk um
samstarf við sveitarfélagið um yfirferð
búsetugrunns vegna útboðs á háhraða-
tengingum í dreifbýli. Málinu vísað til
afgreiðslu sveitarstjóra.

11. Bréf frá umhverfisnefnd Skaftárhrepps
dags 9. júní 2007: Tillögur um hvernig gera
má Kirkjubæjarklaustur snyrtilegra en það
er í dag. Tillögurnar fela ma í sér tilmæli til
sveitarstjórnar um víðtækari grasslátt við
aðalgötu og skóla, áburðargjöf á slegin
svæði og tíðari tæmingu rusladalla á
ljósastaurum. Líka tilmæli til leigjenda
íbúða hjá hreppnum um lóðahirðingu.
Einnig eru almenn tilmæli til íbúa
Skaftárhrepps um snyrtimennsku og
hirðusemi. Umhverfisnefnd vill auk þess að
minnt verði á bann við lausagöngu hunda á
Kirkjubæjarklaustri. Sveitarstjórn þakkar
umhverfisnefnd þarfar tillögur og verða

þær teknar til greina.

12. Bréf frá Íslenskum fjalla-
leiðsögumönnum ehf dags 11. júní 2007:
Um uppbyggingu og ráðstöfum gangna-
mannakofa í umsjá Skaftárhrepps. Þegar
eru í gangi viðræður við Þjóðgarðinn í
Skaftafelli um nýtingu skálans í Blágiljum.
Ljóst er þó að skálinn verður ekki notaður
af Þjóðgarðinum í sumar og verður
ástandið því óbreytt um sinn. Sveitarstjórn
mun athuga nánar mál er varða fjallaskála í
eigu Skaftárhrepps og taka til umræðu í
haust.

13. Bréf frá sveitarstjóra Skaftárhrepps til
Samvinnunefndar um miðhálandi Íslands
dags 12. júní 2007: Ósk um að svæðis-
skipulag miðhálandisins taki tillit til
fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi
Skaftárhrepps 2002-2014. Bréf þetta er sent
að tillögu skipulags- og byggingarnefndar í
framhaldi af þeim breytingatillögum á
skipulagi Lakagígassvæðisins sem vísað var
til nefndarinnar á fundi sveitarstjórnar 14.
maí sl. Sveitarstjórn staðfestir erindið.

14. Bréf frá fræðslunefnd / Evu Björk
Harðardóttur, formanni dags 6. júní 2007:
Fræðslunefnd mælir með ráðningu Ragnars
Þórs Péturssonar í starf skólalæra
Kirkjubæjarskóla sbr. fundargerð fræðslu-
nefndar nr 104.

15. Eldvilji ehf: Ársreikningur og skýrsla
um starfsemi 2006. Sveitarstjórn þakkar
upplýsingarnar og gerir ekki athugasemdir
við rekstur og fjárhag félagsins.

16. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitar-
félaga dags 31. maí 2007: Ný lög um gat-
nagerðargjald taka gildi 1. júlí 2007.
Málinu vísað til afgreiðslu sveitarstjóra og
byggingarfulltrúa.

17. Umsókn um vinnveitingaleyfi dags 30.
maí 2007: Vilhjálmur Sigurðsson fh
Islandia Hotel Núpar, kt 581105-0610.
Sveitarstjórn staðfestir úttekið bráðabirgða-

leyfi og vísar málinu til endanlegrar afgreiðslu.

18. Bréf frá Menntamálaráðuneytinu dags 16. maí 2007: Nýsamþykkt æskulýðslög nr. 70/2007 til kynningar og eftirbreytni. Sveitarstjórn vísar málinu til íþrótt- og æskulýðsnefndar.

19. Bréf frá Umhverfisstofnun dags 25. maí 2007: Refir í Skaftárhreppi; Svar við bréfi Skaftárhrepps dags 21.05.07. Sveitarstjórn staðfestir móttöku svarbréfsins.

20. Bréf frá Forsætisráðuneytinu dags 5. júní 2007: Gátlisti varðandi framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum 2004-2008. Sveitarstjórn ítrekar þá afstöðu sína að jafnréttissjónarmið skuli ráða við alla stefnumótun á vegum sveitarfélagsins.

21. Bréf frá Félagsmálaráðuneytinu dags 16. maí 2007: Óskað umsagnar um tillögu að frumvarpi til laga um réttindi og skyldur eigenda og leigjenda lóða í skipulagðri frístundabyggð. Sveitarstjóra og oddvita falið að afgreiða málið.

22. Bréf frá Gísla Vigfússyni fh Leiðólfs ehf dags 21.05.05 (ath. 21.05.07): Tilkynning ásamt fylgigögnum um sölu á félaginu til Tungulax ehf. Sveitarstjórn þakkar upplýsingarnar.

23. Bréf frá Vottunarstofunni Túni dags 2007-05-29: Fundargerð aðalfundar 2006 ásamt skýrslu um starfsemi félagsins og ársreikning fyrir 2006. Sveitarstjórn þakkar upplýsingarnar og gerir ekki athugasemdir við starfsemi og fjármál félagsins 2006.

24. Bréf frá Vottunarstofunni Túni dags 2007-05-09: Tilkynning um hlutafjárútkningu. Sveitarstjórn ákveður að nýta sér ekki umræddan kauprétt á nýjum hlutabréfum.

25. Fundarboð v. Aðalfundar Vottunarstofunnar Túns fyrir árið 2006, haldinn 21. maí 2007. Gunnar Á Guðmundsson sótti fundinn fh Skaftárhrepps sbr næsta lið.

26. Umboð fyrir Gunnar Á. Gunnarsson til að sækja aðalfund Vottunarstofunnar Túns fyrir árið 2006 fh Skaftárhrepps. Sveitarstjórn staðfestir umboðið.

27. Skýrsla formanns kjörstjórnar Skaftárhrepps vegna alþingiskosninganna 2007. Sveitarstjórn þakkar skýrslu formannsins og samþykkir að greiða nefndum einstaklingum laun samkvæmt vinnuskipan og tímafjölda sem fram kemur. Sveitarstjóra falið að kaupa nýja þjóðfána samkvæmt ábendingu í skýrslunni.

28. Ályktun frá 34. Aðalfundi FOSS 8. maí 2007: Áskorun um beina aðild sveitarstjórna að kjarasamningagerð. Sveitarstjórn ítrekar þá afstöðu sína að ekki sé grundvöllur fyrir því hjá sveitarfélaginu að semja beint við FOSS og því verði áfram höfð nán samvinna við launanevnd sveitarfélaga um gerð kjarasamninga.

29. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags 9. maí 2007: Viðbragðsáætlun vegna sorphirðu komi til heimsfaraldurs influensu. Sveitarstjóra og oddvita falið að gera drög að viðbragðáætlun.

30. Skipulagsmál: Ræddar hugmyndir að skipulagsmálum á Kirkjubæjarlaustri og áherslur og aðferðir til stuðnings ýmsum framfaraverkefnum. Almennar umræður. Sveitarstjórn vísar því til skipulags- og byggingarnefndar að taka til umræðu skipulagsmál Skaftárhrepps m.t.t. hugsanlegrar þróunar á næstu misserum.

31. Leiðrétting á dagsetningu fundargerðar frá 278. fundi sveitarstjórnar 12. mars 2007. Sveitarstjórn staðfestir leiðréttingu á ártalinu 2006 í 2007.

32. Rætt um kynnisferð að Laka undir leiðsögn Ragnars Jónssonar. Sveitarstjórn ákveður að fara þessa ferð miðvikudaginn 27. júní nk.a

33. Breytingar á undirbúningi sveitarstjórnarfundar: Tölvusendingar á gögnum í stað hefðbundinna póstsendinga. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hægt verði að boða og undirbúa fundi sveitarstjórnar án pappírssendinga frá og með næsta fundi.

34. Erindi frá Búnaðarfélagi Hörgslands-hrepps móttekið 18. júní 2007: Lýst er yfir andstöðu við þá ákvörðun héraðsdýralæknis að heimila flutning á túnþökum úr Rangárvallasýslu að Núpahótelu í Fljótshverfi. Jóna Sigurbjartsdóttir oddvit lýsir sig vanhæfa að fjalla um málið og vikur af fundi. Sveitarstjórn telur mikilvægt að gætt sé fyllstu varúðar og samræmis í svona tilvikum en þar sem sveitarstjórn hefur ekki ákvörðunarvald í þessu máli tekur hún ekki afstöðu til þess. Jóna Sigurbjartsdóttir mætir aftur á fundinn.

II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 26. fundur íþrótt- og æskulýðsnefndar 16.05.2007. Fundargerðin samþykkt.

2. 25. fundur í íþrótt- og æskulýðsnefnd 18. desember 2006. Fundargerðin samþykkt.

3. fundur byggingarnefndar íþróttamannvirkja haldinn þriðjudaginn 5. júní 2007. Fundargerðin samþykkt.

4. 104. fundur fræðslunefndar 11. júní 2007. Sveitarstjórn samþykkir tillögu fræðslunefndar um ráðningu Ragnars Þórs Péturssonar í starf skólustjóra til eins árs og felur sveitarstjóra að ganga frá

ráðningarsamningi við hann samkv gildandi kjarasamningum. Fundargerðin samþykkt.

5. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar 5. júní 2005. Fundargerðin samþykkt.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 404. fundur stjórnar SASS 6. júní 2007

2. Bréf frá sveitarstjóra Rangárþings ytra dags 12. júní 2007: Upplýsingar um úrsögn úr verkefninu Green Globe 21

3. Endurrit úr fundargerðarbók Almennavarnarnefndar Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu frá 30. maí 2007

4. Endurrit úr fundargerðarbók samstarfsnefndar lögreglu og sveitarfélaga 30. maí 2007

5. 11. fundur barnaverndarnefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu 22. maí 2007

6. 10. fundur barnaverndarnefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu 10. maí 2007

7. 99. fundur heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn 15. maí 2007

8. 267. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 1. júní 2007

9. 266. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 27. apríl 2007

IV. Annað kynningarefni.

1. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags 11. júní 2007: Hóperð á Opna daga sveitarstjórnarvettvangs ESB í haust

2. Tilkynning frá Umhverfisstofnun dags 05.06.2007: Viðmiðunartaxtar ríkisins vegna refa- og minkaveiða uppgjörstímabilið 1. sept-ember 2006 - 31. ágúst 2007. Einnig nýtt eyðublað: Skýrsla um refa og minkaveiðar árið 2007

3. Fréttatilkynning frá skrifstofu borgarstjóra: Reykjavíkurborg veitir Sambandi íslenskra sveitarfélaga afnot af merki um